

## Stjórnarfundur í félagi sumarhúsaeigenda í Hvammi haldinn í Húsnæði KPMG, Borgartúni 27, 26.01.2012 kl 17.15

**Mættir:** Bergþór Þormóðsson, Bárður Sigurgeirsson, Alexander Edvardsson, Skúli Már Sigurðsson, Arnar Jónsson, Svanhildur Skúladóttir. Gestir fundarins: Jón Hörður Hilmarsson landeigandi og Kristjana Jónsdóttir sem veitir forstöðu nýstofnuðu vatnsfélagi.

1. **Vatnsveitumál.** Bergþór opnaði fundinn. Forsaga málsins er einhliða stofnun vatnsfélags af hendi núverandi landeiganda og áform um innheimtu gjalda. Sjá nánar fundargerð af frá stjórnarfundum 09.01.2012. Kynnti rannsókn á gjaldskrá á sumarhúsasvæðum. Algengt verð 6-10 þúsund á ári, en umrædd gjaldskrá gerir ráð fyrir greiðslu frá 49-76 þúsund á ári eftir stærð húsa.
2. BS fór yfir rök gegn því að landeigandi reki og hafi tekjur af vatnsfélagi
  - a. **Ekki í samræmi við deiliskipulag 29. ágúst 2003, en þar segir:** Landeigandi skal sjá um að leggja vatn að lóðarmörkum frístundalóða. Þá er enn fremur kveðið á um að stofna skuli félag um frístundabyggðina sem annast skuli sameiginleg hagsmunamál, s.s. rekstur vatnsveitu.
  - b. Í **kaupsamningum** kemur fram að kalt vatn sé komið að lóðarmörkum og að stofna skuli félag um frístundabyggðina sem annast sameiginleg hagsmunamál eins og rekstur vatnsveitu.
  - c. Í vatnalögum er ekki gert ráð fyrir að aðrir en notendur vatnsveitu eða sveitarfélög geti stofnað vatnsfélög. **Vatnalög 29 gr:** “Nú vilja aðrir en sveitarfélög koma sér upp vatnsveitu til að fullnægja þörfum sínum á vatni skv. 17. gr. og geta þá eigendur þeirra fasteigna sem nota ætla vatnsveituna gert með sér félag er nefnist vatnsveitufélag”.
  - d. Ekki virðist hafa verið að sumarhúsaeigendur á svæðinu hafi verið boðaðir formlega til stofnfundar ofangreinds félags: **Vatnalög 100. gr.** “Stofnfundarboð. Þeir fasteignareigendur sem stofna vilja vatnafélag skv. 99. gr. skulu boða til stofnfundar eigendur, og eftir atvikum aðra réttihafa, þeirra fasteigna sem ætla má að aðild gætu átt að félagi”.
  - e. Gjaldskráin virðist vera nokkuð há. Þegar síðast var skoðað var vatnsgjald fyrir 100 m<sup>2</sup> íbúð í Reykjavík 13.599. Þess má þó geta að vatnsgjald er hærra í sumum sveitarfélögum. Fram hefur komið hjá Orkuveitu Suðurnesja að aðalkostnaður varðandi vatnsgjald liggur í brunakerfi, ekki neysluvatnslögnum
3. BS fór yfir rök fyrir því að sumarhúsaeigendur eigi að reka vatnsveituna ásamt með landeiganda. Stjórnin leggur til að landeigandi og sumarhúsaeigendur stofni sameiginlega vatnsfélag. Vatnsgjald verði miðað við að standa undir viðhaldi og rekstur vatnsveitunnar.

4. **Brunavarnir í Skorradal.** Hreppstjóri kynnti á fundi með formönnum að bæta eigi brunavarnir. Fram kom að skyldur landeiganda eru ríkar í að skaffa umtalsvert vatn ofan vega. Líklega eru núverandi brunahanar ekki nothæfir. Stjórnin lýsti yfir áhuga á fundi með slökkviliðstjóra, landeiganda og sumarhúsafélaginu.



Bárður Sigurgeirsson